

Verkefni 5 – Fylgiskjal 2

Hótel Heimur hf.

Helstu upplýsingar – samantekt teymis vegna endurskoðunar ársreiknings 2020.

- Félagið gerir reikningsskil sín samkvæmt lögum um ársreikninga.
- Starfsemi félagsins felst í rekstri fimm stjórnun hótels undir merkjum alþjóðlegrar hótélkeðju. Starfsmenn hótelsins voru um 40 á árinu 2020 (ársverk).
- Hóтелиð notar bókunarkerfi og ýmsan hugbúnað sem snýr að rekstri, gæðakerfum og innri málum frá hótélkeðjunni. Bókunarkerfið er einnig tengt alþjóðlegum bókunarvélum eins og booking.com og hotels.com. Erlendir ferðamenn borga að langmestu leyti með kreditkortum en einnig er nokkuð um að greitt sé með PayPal. Félagið notar fjárhags- og upplýsingakerfið SAP og launakerfi frá DK hugbúnaði.
- Stjórnendur hafa sett upp gæðakerfi í samræmi við kröfur alþjóðlegu hótélkeðjunnar. Kerfið hefur einnig náð til fjárhagslegra ferla. Ekki hafa komið upp veikleikar í helstu ferlum svo sem tekju-, aðfanga-, launa-, fjárfestinga- og uppgjörsferli undanfarin ár.
- COVID-19 faraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi hótelsins á árinu 2020 og fyrstu sjö mánuði ársins 2021. Félagið nýtti sér hlutabótaleið og greiðslu launa á uppsagnarfresti frá stjórnvöldum ásamt frestun á opinberum gjöldum. Hóтелиð fékk einnig stuðningslán og viðspymustyrk. Hótelinu var lokað 25. október 2020. Stjórnvöld tóku hótelið á leigu frá 15. desember 2020 og notuðu það sem sóttvarnarhótel til júliloka 2021.
- Stjórnendur nýta sér heimild til að beita sömu (óbreyttu) reikningsskilaaðferðum við færslu og flokkun leigusamninga vegna ársins 2020, eins og gert var árið 2019. Það liggur fyrir að á næsta ári muni félagið færa upp leiguskuldbindingu og nýtingarétt til eignar að kröfu erlendu keðjunnar. Stjórnendurnir hafa sett fram ítarlega skýringu um leigusamninga í drögum að ársreikningi sem sýnir meðal annars greiningu á lágmarksleigugreiðslum en fjárhæðir hafa ekki verið núvirtar.
- Fjármálastjórnin hefur ekki fært tekjuskattsinneign vegna yfirfæranlegs taps í drög ársreikningsins vegna óvissu um nýtingu hennar. Framkvæmdastjórnin hefur farið fram á að það sé gert. Yfirfæranlegt tap nemur um 820 mkr. í árslok 2020.
- Stjórnendur hafa metið hugsanleg áhrif virðisrýrnunar efnislegra og óefnislegra eigna og telja vísbendingar um virðisrýrnun. Mikil óvissa er í forsendum virðisrýrnunarprófanna. Stjórnendur telja að ekki sé rétt að færa eignirnar niður miðað við árslok 2020 þar sem verðmæti eignanna virðist standa undir bókfærðu verði þeirra. Forsendur prófanna byggja meðal annars á áframhaldandi rekstri og auknum viðskiptum frá október 2021.
- Skuldir við lánastofnanir og tengda aðila voru í vanskilum um áramótin 2020 og eru það enn nú þegar endurskoðunin er að hefjast haustið 2021. Lán frá tengdum aðilum má að mestu rekja til ógreiddra leigugreiðslna.
- Stjórnendur eru bjartsýnir á rekstur næstu mánaða. Þeir sjá auknar bókanir með haustinu og fram á vor 2022. Þeir telja að reksturinn verði áfram erfiður en ekki ætti að vera til staðar veruleg óvissa um rekstrarhæfi.